

Svar

ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra við fyrirspurn frá Guðmundi Inga Kristinssyni um notkun jarðefnaeldsneytis.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve mikið er notað af kolum, olíu og öðru jarðefnaeldsneyti árlega, í stað annarra orkugjafa, við iðnað, rafmagnsframleiðslu og húshitun?

Leitað var gagna hjá Orkustofnun og Umhverfisstofnun til að svara fyrirspurninni. Í meðfylgjandi töflu 1 má sjá gögn sem Orkustofnun aflar frá söluaðilum eldsneytis á Íslandi er varða sölu á olíu og gasi til nota í iðnaði. Til iðnaðar telst byggingariðnaður, landbúnaður, fiskimjölsiðnaður, efnaiðnaður, steinefnaiðnaður, framleiðsla og vinnsla málma, matvæla- og drykkjarvöruíðnaður ásamt öðrum óflokkuðum iðnaði. Nær öll koks- og kolanotkun sem er notuð í stóriðju telst ekki til orkunotkunar því kolin þjóna þar hlutverki kolefnisgjafa í efnahvörfum í iðnaðarferlum. Gögn um koks- og kolanotkun í töflu 1 koma frá Umhverfisstofnun.

Tafla 1. Árleg notkun olíu, gass, kola og koks í iðnaði (tonn).

Iðnaður	2016	2017	2018	2019	2016–2019
Olía [tonn]	56.770	48.342	40.520	30.549	176.181
Gas [tonn]	867	681	1.047	1.522	4.117
Kol og koks [tonn]	149.188	156.804	166.249	166.945	639.186

Í töflu 2 sjást gögn sem aflað er frá söluaðilum eldsneytis á Íslandi um olíunotkun vegna orkuvinnslu og húshitunar. Kol eru ekki notuð til rafmagnsframleiðslu eða húshitunar á Íslandi, né annað jarðefnaeldsneyti en olía. Notkunarflokkum var breytt árið 2019 og gerð var krafa um ítarlegri skiptingu.

Tafla 2. Árleg notkun olíu til rafmagnsframleiðslu, húshitunar og fleiri þátta (tonn).

Orka	2016	2017	2018	2019	2016–2019
Olía samtals [tonn]	1.793	2.989	1.746	2.514	9.042
Orkuvinnsla	726	695	742	–	2.163
Húshitun og sundlaugar	1.067	2.294	1.004	–	4.365
Húshitun	–	–	–	660	660
Sundlaugar	–	–	–	291	291
Fjarvarmaveitur	–	–	–	326	326
Raforkuframleiðsla	–	–	–	1.237	1.237